Nr. 1.
13.
janúar.

# Opið brjef

er

stefnir saman alþingi til reglulegs fundar 1. júlí 1893

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, 5. janúar 1874, 5. gr., allramildilegast höfum ákveðið að láta alþingi á Voru landi Íslandi koma saman til reglulegs fundar laugardaginn 1. júlí þ. á.

Um leið og Vjer birtum þetta Vorum kæru og trúu þegnum á Íslandi, skipum Vjer öllum þeim, sem setu eiga að hafa á tjeðu alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur kaupstaðar, og verður þar þá sett alþingi eptir að guðsþjónustugjörð hefur farið fram í dómkirkjunni.

*Gefið á Amalíuborg, 13. janúar 1893.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

# Aabent Brev,

Nr. 1. 13de Jan.

hvorved

## Altinget sammenkaldes til en ordentlig Samling den 1ste Juli 1893.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: At Vi allernaadigst have besluttet i Henhold til Forfatningslov for Islands særlige Anliggender af 5te Januar 1874 § 5 at lade Altinget paa Vort Land Island træde sammen til en ordentlig Samling Lørdagen den 1ste Juli d. A.

Idet Vi herved kundgøre dette for Vore kære og tro Undersaatter paa Island, befale Vi samtlige Medlemmer af bemeldte Alting, at de den nævnte Dag indfinde sig i Købstaden Reykjavik, hvor da Altingets Aabning vil finde Sted efter forud afholdt Gudstjeneste i Domkirken.

**Givet paa Amalienborg, den 13de Januar 1893.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

*Christian R.*

(L. S.)

*J. Nellemann.*